

## 2. gr.

6. gr. i.f. orðist svo:

Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

21. febrúar 1973.

Nr. 60.

## G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

## Vatnsskattur.

## 1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, skal greiða tengigjald kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2 000 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

## 2. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af framangreindu mati.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 000.00.

Ekki skal reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

## Aukavatnsskattur.

## 3. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 2. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

## 4. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.50 fyrir hvern teningsmetra vatns.

## 5. gr.

Vatnsveitan lætur notendur í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 500.00.

## 6. gr.

Vatnsveitan ákveður verðskilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

## 7. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

## 8. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 50%, án samþykkis ráðuneytis.

## 9. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldddagi vatnsskatts húsa er 15. janúar ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Vatnsskattur samkvæmt 3. gr. fellur í gjaldþaga mánaðarlega við aflestur mælis.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjaldþaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar 9.—13. gr. reglugerðar nr. 169/1965 með breytingum nr. 281/1966.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## V I Ð A U K I

við byggingarsamþykkt Biskupstungnahrepps í Árnassýslu nr. 23/1968.

## 1. gr.

Sumarbústaður samkv. samþykkt þessari er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tíma árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

## 2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

## 3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr. Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallizt á tillögur, skv. 1. mgr., skal hún svo fljótt sem verða má, tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.